

Mánudaginn 17. nóvember 1997.

Nr. 468/1997. **Sýslumaðurinn í Hafnarfirði**

(sjálfur)

gegn

Unnari Sigurði Hansen

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a- og c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 12. nóvember 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 14. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 11. nóvember 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi til þriðjuddags 25. sama mánaðar kl. 16.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi til mánudagsins 22. desember 1997 kl. 16.00.

Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms og kærumálskostnaðar.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lagðar skýrslur lögreglunnar á Blönduósi. Samkvæmt þeim er ljóst, að varnaraðili er undir rökstuddum grun um aðild að innbrotum í þrjú fyrirtæki á Skagaströnd aðfaranótt föstudagsins 24. október 1997 auk aðildar að þjófnaði á tveimur dráttarvélum sömu nótt. Að þessu virtu og öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður krafa sóknaraðila tekin til greina.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Unnar Sigurður Hansen, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudags 22. desember 1997 kl. 16.00.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 11. nóvember 1997.

Sýslumaðurinn í Hafnarfirði hefur krafist þess fyrir Héraðsdómi Reykjaness, að Unnari Sigurði Hansen, kt. 170966-4659, til heimilis að Bröttukinn 5 í Hafnarfirði, verði með úrskurði réttarins gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 22. desember 1997 kl. 16.00. Krafan er reist á ákvæðum a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Síðla kvöldsunnudaginn 9. nóvember sl. barst lögreglunni í Hafnarfirði tilkynning um, að neyðarbjalla fyrirtækis í Flatahrauni 21 í Hafnarfirði hefði farið í gang. Í tilkynningunni kom fram, að maður nokkur, 30–40 ára, dökkur á hár, í dökkum jakka og í meðallagi hár, hefði hlaupið frá umræddu húsnæði. Við rannsókn tilkynningarinnar veitti lögreglan því athygli, að á neðri hæð húsnæðisins Stapahrauns 2, skammt frá því húsnæði, þar sem neyðarbjalla fór í gang, sáust meðal annars á ferli kærði, Unnar Sigurður Hansen, og tveir menn aðrir. Eftir skamma stund ók kærði bifreiðinni IY-319 ljóslausri af stað frá Stapahrauni 2, og gaf lögreglan honum þá merki um að stöðva bifreiðina. En kærði virti merki lögreglunnar að vettugi og ók á ofsahraða um Hafnarfjörð og Reykjavík, uns hann var stöðvaður við Suðurgötu í Reykjavík. Var kærði þá handtekinn. Við leit lögreglunnar í bifreiðinni IY-319 fannst þýfi úr innbroti í nokkur fyrirtæki í húsnæðinu í Bæjarhrauni 8 í Hafnarfirði, sem framið var 8. nóvember sl. Þá fannst einnig þýfi úr innbroti í bílskúr húsnæðisins að Ölduslóð 27 í Hafnarfirði, sem framið var 31. október sl., ásamt nokkru magni af fíkniefnum. Við rannsókn málsins í gær afhenti kærði lögreglu lykla að húsnæðinu í Stapahrauni 2 og heimilaði leit í húsnæðinu. Við þá leit fundust munir, er taldir eru hluti þýfis úr öðrum innbrotum.

Kærði hefur neitað aðild að þeim brotum, sem honum eru gefin að sök. Þrátt fyrir neitun kærða telur dómurinn, að atvik málsins, eins og þau hafa verið rakin hér að framan, og ótrúverðugur framburður kærða um ástæðu þess, að hann reyndi eftir fremsta megni að komast undan laganna vörðum, leiði til þess, að rökstuddur grunur sé um þátt kærða í framangreindum innbrotum. Þá verður að fallast á það með sýslumanninum í Hafnarfirði, að eigi sé óvarlegt að ætla, að kærði muni torvelda rannsókn málsins, svo sem með því að skjóta undan öðrum munum, sem ekki hafa enn komið í leitirnar, eða með því að hafa áhrif á vitni eða samseka, ef hann er látinn laus. Þykir því skilyrði a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála vera fullnægt. Rökstuddur grunur liggur fyrir um þátt kærða í brotum, sem varðað geta við ákvæði 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Er því jafnframt fullnægt grunnskilyrði upphafsákvæðis 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 og 3. málsl. 3. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, sbr.

5. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995, en brot kærða, ef sönnuð yrðu, kynnu að varða fangelsisrefsingu.

Krafa sýslumannsins í Hafnarfirði er jafnframt reist á ákvæði c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Sakaferill kærða er ærið langur og alvarlegur. Hefur hann frá árinu 1985 hlotið tuttugu dóma, þar af fimmtán dóma fyrir brot gegn ákvæði 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, síðast 1. september 1995, en kærði lauk afplánun vegna þess brots nú nýverið. Að virtum sakaferli kærða verður talið ljóst, að hann er síbrotamaður, og þykir eigi varhugavert að telja, að kærði muni halda áfram brotum, meðan á máli hans stendur. Þykir því enn fremur mega styðja niðurstöðu um vistun kærða í gæsluvarðhaldi við c-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, eins og krafist er.

Fallist er því á kröfu sýslumannsins í Hafnarfirði um, að kærða, Unnari Sigurði Hansen, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi. Eins og á stendur, verður gæsluvarðhaldinu þó eigi markaður lengri tími en til þriðjudags 25. nóvember nk. kl. 16.00.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Unnar Sigurður Hansen, skal sæta gæsluvarðhaldi til þriðjudagsins 25. nóvember 1997 kl. 16.00.